

ÍR TVENNA



Nýtt fjölgreina tækifæri hjá ÍR

Frá og með 1. september mun ÍR bjóða börnum í 3.-4. bekk grunnskóla að iðka tvær íþróttagreinar á sérkjörum í ÍR TVENNU. 30% afsláttur verður reiknaður af æfingagjöldum beggja greina. Afslátturinn reiknast sjálfkrafa í skráningarkerfinu þegar seinni greinin er valin í ÍR TVENNU. Tíu íþróttagreinar eru í boði og hafa iðkendur frjálst val um að velja tvær af þeim.

KEILA - KÖRFUBOLTI - KNATTSPYRNA - HANDBOLTI - SKÍÐI - FRJÁLSAR FIMLEIKAR - JÚDÓ - KARATE - TAEKWONDO



Með ÍR UNGUM og ÍR TVENNU tekur ÍR forystu meðal íþróttafélaga landsins og býður upp á einstakt tækifæri fyrir börn í 1.-4. bekk grunnskóla, til að prófa sig áfram í íþróttum þar sem þau finna sína uppáhaldsíþrótt.



ÍR UNGAR

Íþróttafélag Reykjavíkur býður öllum börnum í fyrsta og öðrum bekk grunnskóla að iðka allt að sex íþróttagreinar fyrir eitt æfingargjald. Börnin fá þannig tækifæri til að prófa og kynnast mörgum íþróttagreinum í einu og geta flutt sig milli greina eins og þau vilja, á meðan þau finna þá grein sem hentar þeim.

KEILA - KÖRFUBOLTI - KNATTSPYRNA - HANDBOLTI - SKÍÐI - FRJÁLSAR

Frístundaheimili

Frístundaheimili á vegum Reykjavíkurborgar er rekið í íþróttahúsinu við Austurberg (Undirheimum) fyrir meðal annars ÍR UNGA og ÍR TVENNU. Þar er rekið hefðbundið frístundastarf fyrir og eftir æfingar milli 15:00-17:15 á virkum dögum gegn gjaldi.

